Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

MENNTASTEFNA
REYKJAVÍKURBORGAR
TIL 2030

Leikskólinn Gullborg

2026 – 2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

1. Greinargerð leikskólastjóra 3
2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026 4
3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027 5
4. Starfsþróunarsamtöl 8
5. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans 8
6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva 8
7. Foreldrasamstarf 9
8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal 9
9. Þróunarverkefni 11
10. Fylgiskjöl: 11
10.1 **Innra mat Regnbogadeild/ 2025-2026** 11
10.2 **Umbótaáætlun Regnbogadeildar/deildar 2026-2027** 12
10.3 **Innra mat Græna deild/ 2025-2026** 17
10.4 **Umbótaáætlun Grænu/deildar 2026-2027** 17
10.5 **Innra mat Rauðu/deilda 2025-2026** 21
10.6 **Umbótaáætlun Rauðu/deildar 2026-2027** 22
10.7 **Innra mat Bláa/deild 2025-2026** 25
10.8 **Umbótaáætlun Bláu/deildar 2026-2027** 26
10.9 **Innra mat Guladeild 2025-2026** 30
10.10 **Umbótaáætlun Gulu/deildar 2026-2027** 31
10.11 Umsögn foreldraráðs 37

1. Greinargerð leikskólastjóra

Það sem hefur einkennt leikskólastarf Gullborgar veturinn 2025-2026 er lærdómssamfélag, samvinna og gleði. Lærdómssamfélag sem hefur einkennst af samstarfi og þróunarverkefnum við nærsamfélagið í innleiðingu Menntastefnu Reykjavíkur og Barnasáttmálans. Frá því að Menntastefnan leit dagsins ljós árið 2018 þá hafa Gullborg, Grandaborg og Ægisborg verið í samstarfi um að elstu börn leikskólanna tengist félagslega í gegnum starf leikskólanna og að þau eflist sem fullgildir þátttakendur í lærdómssamfélagi áður en að þau byrja í sama hverfisgrunnskóla. Þennan vetur hafa fjórir skólar verið í samstarfi í þróunarverkefninu Leikur, nám og gleði. Ásamt Gullborg eru það Ægisborg, Álftaborg og Drafnarsteinn, en skólarnir fengu styrk frá SFS til að halda áfram með þróunarverkefnið. Fyrirkomulag fræðslunnar og umræður hafa verið á sameiginlegum skipulagsdögum, fundum og dagleg umræða og handleiðsla til starfsfólks. Einnig hefur leikarinn Gunnar Helgason komið og verið með skipulagða leikstund fyrir stjórnendur og starfsfólk. Veturinn 2025-2026 hefur einkennst af mikilli samvinnu, frábærum samskiptum og almennri gleði hjá starfsfólki Gullborgar, við unnum stofnun ársins í ár og vorum við mjög glöð með þá uppskeru.

Gullborg varð réttindaskóli Unicef í júní 2024, starfsfólk hefur viðhaldið því sem felst í að vera réttindaskóli og er lýðræði barna okkur mikils virði. Ávinningur fyrir börn í leikskólum er að starfshættir í leikskólunum taki mið af Barnasáttmálanum og að börnin fái tækifæri til að vera sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun. Veturinn 2025-2026 hefur verið einstaklega skemmtilegur, krefjandi en líka frábær þar sem starfsfólk ilmar af gleði og frábærri samvinnu.

Rannveig Anna Ólafsdóttir leikskólastjóri.

2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026

Innra mat

Hvað var metið?	Stjórnunarhættir
Hvernig fór matið fram?	Starfsmannakönnun
Hverjir tóku þátt í matinu?	Allir starfsmenn Gullborgar
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Góðir stjórnunarhættir, frábært starfsfólk, góður starfsandi og gott stjórnunarteymi. Alltaf er hægt að gera betur og stefnum við að því.
Hvað var metið?	**Uppeldis- og menntunarstarf**
Hvernig fór matið fram?	Deildafundir, Deildarstjórafundir, samvinna með öðrum skólum, HÍ og SFS
Hverjir tóku þátt í matinu?	Allir starfsmenn Gullborgar. Einnig börnin á deildum.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Þróunarstarfið hefur gengið mjög vel og eru áætluð áfram næsta vetur. Við fengum styrk til að halda áfram.
Hvað var metið?	**Félagshæfni og sjálfsefling**
Hvernig fór matið fram?	Deildafundir, fundir með þremur öðrum leikskólum og starfsfólki HÍ og SFS
Hverjir tóku þátt í matinu?	Allir starfsmenn Gullborgar
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Höldum áfram að vinna að sjálfseflingu og félagsfærni barna, efla leikinn og þátttöku starfsfólks í leik barna.
Hvað var metið?	**Mannauður leikskólabragur**
Hvernig fór matið fram?	Starfsmannakönnun og starfsmannafundir
Hverjir tóku þátt í matinu?	Allir starfsmenn Gullborgar
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Sterkur hópur starfsfólks í Gullborg, góð samskipti og samvinna.

Ytra mat

Gullborg tók þátt í viðhorfskönnun Stofnunar ársins 2025. Þátttaka hjá leikskólanum var mjög góð og var Gullborg stofnun ársins 2025 (25-49 starfsmenn). Gullborg lenti í 1. sæti. Sýnir þetta að við erum á góðum stað varðandi starfsumhverfi, stjórnun og almenna líðan starfsfólks í vinnu.

3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027

Þeir þættir sem eru metnir yfir **allan leikskólann í heild sinni.** Þessir þættir geta verið aðrir eða þeir sömu og eru metnir á deildum. Á deildum erum við að sýna þær leiðir sem hver deild fer miðað við aldur og færni barna.

Umbætur skulu taka mið af menntastefnu Reykjavíkur, skólanámskrá og þróunarverkefni ef leikskólinn er í slíku.



Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis- og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	**Árangursríkir stjórnunarhættir**
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Góðum árangri í stjórnun
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Deila ábyrgð, stuðla að vellíðan kennara og barna og góð samskipti.

Ábyrgð	Leikskólastjóri, aðstoðar-leikskólastjóri, sérkennslustjóri og deildarstjóra
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst ágúst 2026 og lýkur maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Starfsmannakönnun, foreldrafundir og starfsmannafundir.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að í leikskólanum ríki jafnræði og lýðræði og samvinna sem stuðlar að almennri vellíðan í starfi og til barna.

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	**Þróunarverkefni milli fjögra leikskóla í borginni. Leikskólar: Gullborg, Ægisborg, Drafnarsteinn og Álftaborg.**
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að efla leikinn sem námsleið fyrir börn, með áherslu á hlutverk, stuðning og ígrundun kennara og annars starfsfólk, námsumhverfis sem styður við leik og að börnin hafi tækifæri til að læra hvert af öðru.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Í samstarfi við HÍ, SFS, Ægisborg, Drafnarstein og Álftaborg.
Ábyrgð	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hófst í haust 2026 og lýkur vorið 2027.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Skráningar, samræður á milli starfsfólks og annarra sem taka þátt í verkefninu.

Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Auka þekkingu starfsfólks á leik barna og efla þátttöku þess í leiknum, að efla félagsfærni barna.

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	**Mannauður/leikskólabragur**
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að vellíðan starfsfólks og að á leikskólanum starfi áhugasamir kennarar með hag barna að leiðarljósi.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Með því að deila ábyrgð, lærdómssamfélagi, jákvæðni og góðum samskiptum og vinnu á milli deilda.
Ábyrgð	Allir starfsmenn Gullborgar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í ágúst 2026 og á alltaf við.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Starfsmannakönnun og aðrir almennir fundir/starfsdagar á leikskólanum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Allt starfsfólk vinni saman að sameiginlegu markmiði, þ.e. að vellíðan starfsfólks og vellíðan barna og foreldra þeirra. Uppskera eins og við sáum.

4. Starfsþróunarsamtöl

Starfsþróunarsamtöl fóru fram í október 2025 og mars 2026. Markmiðið með þróunarsamtölum er að starfsmenn setji sér markmið varðandi starfið sem þeir vinna í leikskólanum og einnig hvernig þeim líður í starfi, hvernig þeir upplifa starfsandann, starfsaðstöðu og samskipti við aðra.

5. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans

Fræðsla og þróun í starfi hefur verið mikil þar sem við erum að taka þátt í þróunarverkefninu Leikur, nám og gleði. Í því verkefni erum við í samstarfi við leikskólana Ægisborg, Drafnarstein og Álftaborg. Einnig eru Anna Magnea Hreinsdóttir frá HÍ og Kristín Hildur Ólafsdóttir frá SFS með okkur í þessu verkefni. Við höfum verið á starfsfundum með þessum skólum í vetur en við hittumst fyrst 9. september í Hrafnhólum í Borgartúni. Þar var ákveðið að fá nýja skóla inn í verkefnið með okkur, skólana Álftaborg og Drafnarstein. Við hittumst svo 7. október 2025 hér i Gullborg og verkefnið var almennilega kynnt fyrir Drafnarsteini og Álftaborg, 4. nóvember 2025 hittumst við í Sögu og kom Gunnar Helgason til okkar og var með kveikjur að leik og leikstundum. Þann 13. janúar 2026 hittust svo allir starfsmenn skólanna og hver skóli var með kynningu á sínum verkefnum. 17 febrúar 2026 hittumst við aftur í Sögu með Gunnari Helgasyni. 17. mars 2026 var ákveðið að skólarnir Álftaborg og Drafnarsteinn myndu heimsækja Gullborg og Ægisborg þar sem þeir skólar hafa verið í verkefninu lengur en Drafnarsteinn og Álftaborg. 29. apríl 2026 var lokahittingur í verkefninu, hver skóli var með kynningu á því sem þeir gerðu í vetur og verkefnið metið. Þetta verkefni mun halda áfram næsta skólaár þar sem við höfum fengið úthlutaðan styrk. Deildarstjórar, aðstoðarleikskólastjóri og leikskólastjóri byrjuðu núna í janúar í leikskólaverkefni SFS og hefur það reynst okkur vel. Gunnar Helgason kom svo í leikskólana á starfsdegi, hjá Gullborg kom hann mánudaginn 4. maí og var með fræðslu og leiki með starfsfólki.

6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf Grandaskóla, Gullborgar og Ægisborgar veturinn 2025-2026 gekk vel.

Grandaskóli 59 nemendur, 3 hópar

Gullborg 24 nemendur 1 hópur

Ægisborg 20 nemendur 1 hópur

Grandaskóli heimsótti Gullborg 6. október f.h. og Ægisborg e.h. og svo aftur Gullborg 10. október

Gullborg heimsótti Grandaskóla 4. desember í samsöng, en skólinn er hættur að vera með jólaleikrit.

Næsta heimsókn okkar var 3. febrúar 2026 þá var farið á bókasafnið, gengið um skólann, skoðað og spjallað. Síðasta heimsóknin var 6. maí. Þá var unnið í skólahefti, samsöngur, nesti og frímínútur. Stefnt er á áframhaldandi samstarfi við Grandaskóla á næsta skólaári.

7. Foreldrasamstarf

Foreldraráð var kosið að hausti 2025 í foreldraráði Gullborgar starfa 3 foreldrar: Birgitta Sigurðardóttir, Þórdís Ólöf Sigurjónsdóttir og Björn Þór Björnsson.

Það er haldinn foreldrafundur að hausti þegar skólaárið byrjar. Skólinn er kynntur fyrir nýjum foreldrum og svo eru haldnir kynningafundir fyrir foreldra á deildinni sem barnið þeirra er á.
Foreldraviðtöl eru haldin tvisvar á skólaárinu, í október og mars/apríl. Deildarstjóri hverrar deildar sér um þau viðtöl.

Foreldrafélag er starfandi í Gullborg. Allir foreldrar eru meðlimir í foreldrafélagi Gullborgar. Á kynningarfundum fyrir foreldra á haustin eru kosnir 2 fulltrúar foreldra af hverri deild. Þeir kjósa sér formann, gjaldkera og ritara. Leikskólastjóri og einn starfsmaður sitja fundina eftir þörfum. Stjórn foreldrafélagsins fundar síðasta miðvikudag hvers mánaðar, eða með tölvupóstsamskiptum og Facebook. Markmið félagsins er að vinna að sameiginlegum hagsmunum barna, foreldra og starfsfólks og efla tengsl foreldra við leikskólann. Einnig að styðja við ýmis málefni varðandi starfsemina og standa að uppákomum sem eru börnum, foreldrum og starfsfólki til gagns og gamans. Kynningarfundur fyrir foreldra á leikskólastarfinu veturinn 2026-2027 verður að hausti 2026 frá kl. 9.30-10.30. Leikskólastjóri, deildarstjórar og annað starfsfólk svara fyrirspurnum foreldra í formi skemmtilegra umræðna.

8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Föstudagur 22. ágúst 2025 skólasetning í grunnskóla og starfsárið skipulagt.
Miðvikudagur 30. október 2026 sameiginlegur starfsdagur með grunnskólum (menntakvika).
Föstudagur 5. febrúar 2027 sameiginlegur starfsdagur (dagur leikskólans).
Þriðjudagur 27. apríl 2027 sameiginlegur starfsdagur með grunnskóla; menntastefnumót.
Miðvikudagur 5. maí námsferð leikskóla
Föstudagur 7. maí námsferð leikskóla

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Leikskóladagatal 2026 - 2027

Nafn leikskóla: Gullborg

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 L	1 Þ	1 F	1 S	1 Þ Fullveldisdagurinn	1 F Nýársdagur	1 M	1 M	1 F	1 L Verkalýðsdagurinn	1 Þ	1 F
2 S	2 M	2 F	2 M	2 M	2 L	2 Þ	2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 F
3 M Frídagur verslunarmanna	3 F	3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 M	3 L	3 M	3 F Sumarhátíð Gullborgar	3 L
4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 M	4 M	4 F	4 F	4 S	4 Þ	4 F	4 S
5 M	5 L	5 M Foreldraviðtöl	5 F	5 L	5 Þ	5 F Dagur leikskólans starfsdagur SG	5 F	5 M Foreldraviðtöl	5 M Starfsdagur	5 L	5 M
6 F Leikskóli opnar	6 S	6 Þ Foreldraviðtöl	6 F	6 S	6 M Þrettándinn	6 L Dagur tónlistarskólans	6 L	6 Þ Foreldraviðtöl	6 F Uppstigningardagur	6 S Sjómannadagurinn	6 Þ
7 F	7 M	7 M Foreldraviðtöl	7 L	7 M	7 F	7 S	7 S	7 M Foreldraviðtöl	Starfsdagur	7 M	7 M Sumarlokun til 5.ágúst
8 L	8 Þ Dagur læsis	8 F Foreldraviðtöl	8 S Baráttudagur gegn einelti	8 Þ	8 F	8 M Bolludagur	8 M	8 F Foreldraviðtöl	8 L	8 Þ	8 F
9 S	9 M	9 F Foreldraviðtöl	9 M	9 M	9 L	9 Þ Sprengidagur	9 Þ	9 F Foreldraviðtöl	9 S	9 M	9 F
10 M	10 F	10 L	10 Þ	10 F Jólaball foreldrakaffi	10 S	10 M Öskudagur	10 M	10 L	10 M	10 F Skólaslit grunnskóla	10 L
11 Þ	11 F	11 S Fæðingardagur forseta Íslands	11 M	11 F Jólamatur	11 M	11 F Dagur íslenska táknmálsins	11 F	11 S	11 Þ	11 F	11 S
12 M	12 L	12 M Foreldraviðtöl	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 F	12 M Foreldraviðtöl	12 M	12 L	12 M
13 F	13 S	13 Þ Foreldraviðtöl	13 F	13 S	13 M	13 L	13 L	13 Þ Foreldraviðtöl	13 F	13 S	13 Þ
14 F	14 M	14 M Foreldraviðtöl	14 L	14 M	14 F	14 S	14 S Dagur sjálfboðaliðans	14 M Foreldraviðtöl	14 F	14 M	14 M
15 L	15 Þ	15 F Foreldraviðtöl	15 S	15 Þ	15 F	15 M	15 M	15 F Foreldraviðtöl	15 L	15 Þ	15 F
16 S	16 M Dagur íslenskrar náttúru	16 F Foreldraviðtöl	16 M Dagur íslenskrar tungu	16 M	16 L	16 Þ	16 Þ	16 F Foreldraviðtöl	16 S Hvítasunnudagur	16 M	16 F
17 M	17 F	17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 M	17 L	17 M Annar í Hvítasunnu	17 F Lýðveldisdagurinn	17 L
18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 F	18 M	18 F	18 F	18 S	18 Þ	18 F	18 S
19 M	19 L	19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F Foreldrakaffi	19 F	19 M	19 M	19 L	19 M
20 F	20 S	20 Þ	20 F Dagur mannréttinda barna	20 S	20 M	20 L	20 L	20 Þ	20 F	20 S	20 Þ
21 F	21 M	21 M	21 L	21 M	21 F	21 S Konudagur - upphaf Góu	21 S Pálmasunnudagur	21 M	21 F	21 M	21 M
22 L	22 Þ	22 F Skráningardagur	22 S	22 Þ	22 F Öskudagur - upphaf Þorra foreldrakaffi	22 M Skráningardagar lokað	22 M Skráningardagar	22 F Sumardagurinn fyrsti	22 L	22 Þ	22 F
23 S	23 M	23 F Skráningardagur	23 M	23 M Þorláksmessa	23 L	23 Þ Skráningardagar	23 Þ Skráningardagar	23 F Umhverfisdagur	23 S	23 M	23 F
24 M Skólasetning grunnskóla starfsdagur	24 F	24 L Fyrsti vetrardagur	24 Þ	24 F Aðfangadagur jóla	24 S	24 M	24 M Skráningardagar	24 L	24 M	24 F	24 L
25 Þ	25 F	25 S	25 M	25 F Jóladagur	25 M	25 F	25 F Skírdagur	25 S	25 Þ	25 F	25 S
26 M	26 L Evrópski tungumáladagurinn	26 M Skráningardagur	26 F	26 L Annar í jólum	26 Þ	26 F	26 F Föstudagurinn langi	26 M	26 M	26 L	26 M
27 F	27 S	27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 L	27 L	27 Þ Menntastefnumót SG starfsdagur	27 F	27 S	27 Þ
28 F	28 M	28 M	28 L	28 M Skráningardagur	28 F	28 S	28 S Páskadagur	28 M	28 F	28 M	28 M
29 L	29 Þ	29 F	29 S	29 Þ Skráningardagur	29 F		29 M Annar í Páskum	29 F	29 L	29 Þ	29 F
30 S	30 M Starfsdagur SG	30 F	30 M	30 M Skráningardagur	30 L		30 Þ	30 F	30 S	30 M	30 F
31 M		31 L		31 F Gamlársdagur	31 S		31 M		31 M		31 L

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:
Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Skráningardagar í leikskólum eru ellefu og gjöld lækkuð vegna þeirra. Foreldrar sem þurfa vistun þessa daga sækja sérstaklega um það og greiða þá fyrir þá daga. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.

9. Þróunarverkefni

Heiti á þróunarverkefni og helstu áherslur verkefnisins:	Samstarfsaðilar	Hver styrkir?
Leikur, nám og gleði. Áherslur á leikinn og kennarinn í hlutverki.	**HÍ, SFS, Álftaborg, Ægisborg og Drafnarsteinn.**	**SFS**

10. Fylgiskjöl:

10.1 Innra mat Regnbogadeild/ 2025-2026

Styrkleikar

Starf Regnbogadeildar hefur einkennst af góðum og samheldnum starfsmannahóp sem hefur mikinn metnað til að viðhalda því góða og faglega starfi sem Gullborg stendur fyrir. Leikurinn hefur fengið að vera í forgrunni og við lagt mikinn metnað í að gefa honum tíma og rými. Áhersla hefur verið lögð á að mæta þörfum hópsins okkar í vetur. Þær þarfir hafa oft á tíðum verið aðrar en áður og við höfum reynt að aðlaga starfið og verkefni að þeim þörfum. Þeir umbótaþættir sem snúa að leiknum hafa gengið vel hjá okkur sem og hluti af málörvuninni. Við viljum halda áfram að byggja ofan á þessa þætti og kjósum því að halda þeim áfram inni í okkar umbótaáætlun.

Tækifæri

Við sjáum tækifæri til þess að bæta okkur í öllum þáttum umbótaáætlunarinnar. Það sem við sem hópur teljum okkur geta bætt mest úr er vinnan með Gefðu 10. Við höfum rætt um að hafa ákveðið kerfi á þessu og höfum ákveðið einn ábyrgðarmann yfir þessu verkefni. Einnig er vinnan með ferilmöppurnar í endurskoðun og langar okkur að bæta okkur þar.

10.2 Umbótaáætlun Regnbogadeildar 2026-2027

Regnbogadeild **5-6 ára börn**	
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	**Viðhorf og hlutverk starfsfólks í leik barna**
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Vera til staðar í leik barna og nýta þau tækifæri sem gefast til þátttöku í leiknum
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Starfsfólk prófi sig áfram í þátttöku í leik. Taki að sér ólík hlutverk
Ábyrgð	Allir starfsmenn deildarinnar / Erna
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Á alltaf við
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Ræða reglulega saman á deildarfundum. Leikskráningar
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Skoða skráningar t.d. fjölda skráninga, tóku allir þátt í leikstundum. Endurmat barna.

Regnbogadeild **5-6 ára börn**	
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	**Uppeldis og menntunarstarf - leikurinn**
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að leikurinn fái meira rými og tíma og að leikurinn verði metinn sem aðal námsleið barna

Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Passa upp á næði barna í leik, tíma og rými. Horfa á styrkleika hvers barns.
Ábyrgð	Allir starfsmenn deildarinnar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Á alltaf við
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Samtal á deildarfundum og rýnihópur barna
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Uppgjör í lok vetrar, samtal á endurmats-starfsdegi.

Regnbogadeild **5-6 ára börn**	
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	**Uppeldis og menntunarstarf - leikurinn**
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að auka fjölbreytni í leik barna
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að glæða leikinn meira lífi með fjölbreyttari efnivið. Vera óhrædd við að nota verðlausan efnivið og blanda saman ólíku leikefni
Ábyrgð	Allir starfsmenn deildarinnar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Á alltaf við
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Samtal á deildarfundum, í daglegu starfi og í rýnihópum barna.

Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Umræður á endurmats-starfsdegi. Rýna í endurmatsblöð barnanna.

Regnbogadeild **5-6 ára börn**	
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	**Uppeldis og menntunarstarf - Ferilmöppur**
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Auka aðkomu barna að ferilmöppum sínum
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Hafa möppur aðgengilegri börnunum og hafa þau meira með í skráningum og hvað fer í möppurnar
Ábyrgð	Allir starfsmenn deildarinnar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Á alltaf við
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Fara yfir á deildarfundum og í samtölum við börnin
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Yfirfara möppur með börnum og foreldrum í síðasta viðtali vetrarins

Deild/aldur barna Regnbogadeild **5-6 ára**	
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf,	**Uppeldis og menntastarf- Málörvun**

mannauður/leikskólabragur, innra mat)	
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Auka þekkingu barna á tungumálinu og beitingu þess
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Æfa og lesa þyngri texta í söng og bókalestri. Orðaspjall, Lubbastundir og æfingar í hljóðkerfisvitund
Ábyrgð	Allir starfsmenn deildarinnar/ Jóhann - Erna
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Á alltaf við
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Ræða á deildarfundum, Hljóm-2 skimun
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Niðurstöður úr Hljóm-2

Regnbogadeild **5-6 ára börn**	
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	**Uppeldis og menntastarf - Málörvun**
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Festa Gefðu 10 i sessi í starfi okkar
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Hafa markvisst og fyrirsjáanlegt ferli hvaða börn falla undir þetta og hvenær.
Ábyrgð	Allir starfsmenn deildarinnar/Ryan
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Á alltaf við

Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Samtöl á deildarfundum, Hljóm – 2 skimun.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Niðurstöður úr Hljóm – 2 skimun, tengslakönnun

Regnbogadeild **5-6 ára börn**	
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	**Uppeldis og menntastarf**
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að viðhalda réttindaskóla viðurkenningu UNICEF
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Vera með virkt réttindaráð barna, hugmyndakassinn sé virkur og vinna með verkefnahefti UNICEF
Ábyrgð	Allir starfsmenn deildarinnar/ Hekla
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Á alltaf við
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Samtöl og rýnihópar barna. Samtal á deildarfundum
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Umræður á endurmats-skipulagsdegi, réttindaráðsfundir og öryggiskönnun að vori

10.3 Innra mat Græna deild/ 2025-2026

Styrkleikar

Við höfum unnið vel saman og átt góð samskipti. Höfum verið dugleg að nýta styrkleika hvers annars. Við höfum verið samstíga í samskiptum við börnin. Í vetur hefur leikurinn verið í fyrirrúmi og gengið vel. Við höfum fylgt þeim þáttum sem voru í umbótaáætluninni en sjáum líka tækifæri til að gera betur.

Tækifæri

Við höfum fylgt þeim þáttum sem voru í umbótaáætluninni en sjáum líka tækifæri til að gera betur. Sumum verkefnum hefðum við viljað byrja fyrr á. Eins hefðum við getað fylgt sumum verkefnum betur eftir.

10.4 Umbótaáætlun Grænu/deildar 2026-2027

Græna deild	4-5 ára
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	**Markviss málörvun.**
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að efla hljóðkerfis- og málvitund barna.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Vinna markvisst með málörvun með því að lesa, syngja, spila og leika með börnunum. Orðaspjall (spjalla um merkingu orða með börnum)
Ábyrgð	Allir starfsmenn.

Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Allt skólaárið.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Á deildarfundum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að vera með Lubba 2 sinnum í viku ásamt því að vera með markvissa málörvun á hverjum degi.

Græna deild	**4-5 ára**
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	**Barnasáttmálinn**
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að auka þekkingu barna á réttindum þeirra.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Vinna með börnum, bæði allur hópurinn og minni hópar. Blanda þessu við daglegt starf.
Ábyrgð	Deildarstjóri og umsjónarmaður verkefnisins.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September til maí.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Skráningar sem fara í ferilmöppur barnanna.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Vera með skipulagt hópastarf 1 sinni í viku ásamt því að flétta það saman við daglegt starf.

Græna deild	4-5 ára
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	**Ferilmöppur**
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að gera reglulega skráningar.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Setja niður að hausti hvaða skráningar eiga að fara í möppuna og gera þær svo jafnóðum.
Ábyrgð	Allir starfsmenn.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Allt skólaárið.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Á deildarfundum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að fara yfir möppurnar á 2 mánaða fresti.

Græna deild	4-5 ára
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	**Deildarfundir**
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að hafa deildarfundi á 2 vikna fresti.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að hafa deildarfundi reglulega þar sem starfsfólk fær tækifæri til að ræða saman.
Ábyrgð	Deildastjóri.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September til maí.

Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Skrifa fundargerðir.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að fundir séu haldnir á 2 vikna fresti.

Grænadeild	**4-5 ára**
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	**Hlutverk kennara í leik**
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að starfsfólk taki þátt í leiknum með börnunum.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Hlusta á börnin og prófa að taka að sér hlutverk í leik.
Ábyrgð	Allir starfsmenn.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September til maí.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Umræður á deildarfundum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Skipuleggja tvær leikstundir í mánuði. Yfirfara hvernig gekk í stundunum.

10.5 Innra mat Rauðu/deilda 2025-2026

Styrkleikar

Starf deildarinnar gekk prýðilega vel í vetur. Starfsfólk vann vel saman og styrkleikar hvers og eins voru vel nýttir.

Leikurinn hefur verið í aðalhlutverki í vetur þar sem börnin hafa fengið tækifæri á að æfa sig í samskiptum hvort við annað og leysa úr ágreiningum með hjálp starfsfólks. Við höfum skapað umhverfi þar sem börn fá svigrúm til að kanna, prófa og læra í gegnum eigin áhuga og frumkvæði.

Tækifæri

Það hefði mátt vera betra utanumhald á verkefnum tengdum barnasáttmálanum og Lubba eftir að það starfsfólk sem hélt utan um þau verkefni hætti. Það þarf að skipuleggja það þannig að hægt verði að fá annan starfsmann inn í staðinn um leið.

10.6 Umbótaáætlun Rauðu/deildar 2026-2027

Rauðdeild	3-4 ára
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	**Barnasáttmálinn**
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Aukin þekking barna á sínum réttindum
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Markviss vinna tengd Barnasáttmálanum. Nota verkefnahefti. Starfsfólk tileinkar sér hugtök úr barnasáttmálanum í daglegu starfi.
Ábyrgð	Deildarstjóri og umsjónarmaður verkefnisins
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September - Júní
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Skráningar og stöðumat
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Barnasáttmálinn er í stöðugu endurmati og verður starfið á deildinni endurmetið á mánaðarfresti.

Rauðadeild	3-4 ára
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	**Málörvun**
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Efla hljóðkerfis- og málvitund barna
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Markviss vinna með Lubba í Lubbastundum, málörvun í gegnum leik, spil, lestur bóka og aðra fjölbreytta málörvun.
Ábyrgð	Allir starfsmenn á deildinni

Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September - júní
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Umræður á deildarfundum og skráningar
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Við ætlum að vera með Lubba í málörvun tvisvar í viku og reyna að ná í að vinna með hlutverk barna í leik. Verður farið yfir eftir hvern mánuð.

Rauðadeild	**3-4 ára**
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	**Hlutverk kennara í leik barna**
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að starfsfólk taki virkan þátt í leik barna
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Starfsfólk prófar að taka ólík hlutverk í leik barna. Starfsfólk prófar sig áfram í að taka hlutverk í hlutverkaleiknum.
Ábyrgð	Allir starfsmenn
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September – júní
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Samræður á deildarfundum Skráningar.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Starfsfólk deildarinnar skoðar skráningar saman á deildarfundum. Hlutverk kennara í leik verður í stöðugu endurmati þar sem leikskólinn er í þróunarverkefni um leikinn.

Rauðadeild	3-4 ára
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	**Reglulegir deildarfundir**
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Deildarfundir settir í forgang og verða reglulegir
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Deildarfundir séu haldnir 2x í mánuði. Deildarfundir séu skipulagðir af deildarstjóra og þar fái starfsfólk tækifæri til að tala saman um starf deildarinnar.
Ábyrgð	Deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September – júní
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Fundargerðir deildarfunda
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Við viljum virkja starfsfólkið og verða góð í ígrunda eigið starf.

Rauðadeild	3-4 ára
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	**Skráningar – ferilmöppur**
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Reglulegar skráningar
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Setja niður hvaða skráningar við viljum hafa í möppunum
Ábyrgð	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn

Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September – júní
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Fara yfir á deildarfundum
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að möppurnar innihaldi það sem gert var á skólaárinu og börnin geti farið yfir árið og litið til baka á frábæra tíma á Rauðudeild

10.7 Innra mat Bláa deild 2025-2026

Styrkleikar

Styrkleikar okkar eru þeir að við höfum unnið saman nú í 2 ár og þekkjum vel inná hvort annað. Við erum með okkar rútínu sem við höfum þróað saman og vitum hvað gengur vel og hvað ekki. Allir tilbúnir að taka á sig verkefni og góður starfsandi er mest lýsandi fyrir Bláu deild.

Tækifæri

Halda áfram að deila verkefnum á milli okkar og nýta styrkleika okkar.

10.8 Umbótaáætlun Bláudeildar 2026-2027

Bláadeild	2-3 ára
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	**Málörvun**
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Efla málþroska barnanna, orðaforða og hljóðkerfisvitund þeirra.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Daglegar söng- og sögustundir, reglulegar Lubbastundir og málörvun í frjálsum leik.
Ábyrgð	Allir starfsmenn deildarinnar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Allt skólaárið
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Endurmat á deildarfundum og Tras.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að börnin hafi meiri orðaforða, séu skýrari og skiljanlegri. Að börnin sýni aukinn áhuga á bókum, söngvum og samtölum.

Bláadeild	2-3 ára
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	**Barnasáttmálinn**
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Kynna barnasáttmálann fyrir börnunum og útskýra fyrir þeim réttindi sín. Hafa hann sýnilegan inni á deild.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Vinnum út frá verkefnahefti í smærri hópum og erum með sáttmálagreinar hengdar upp á vegg sem skapa umræður.

Ábyrgð	Deildarstjóri og sá starfsmaður sem er umsjónarmaður Barnasáttmála verkefnisins á deildinni
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Allt skólaárið
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Skráningar og verkefnavinna.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að börnin viti hvað réttindi eru. Farið verður yfir mánaðarlega til að endurmeta starfið með barnasáttmálann.

Bláadeild	**2-3 ára**
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	**Ferilmöppur og skráningar**
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Halda áfram að skrá og setja í ferilmöppur reglulega yfir skólaárið.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Halda áfram að vinna í ferilmöppunni reglulega.
Ábyrgð	Deildarstjóri ber ábyrgð en allir starfsmenn deildarinnar setja sínar skráningar í möppuna
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Allt skólaárið.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Í samtölum og deildarfundum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem	Að við skilum af okkur möppu sem er með nóg af skráningum sem að sýnir hvernig skólaárið var.

stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	

Bláadeild	**2-3 ára**
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	**Hlutverk kennara í leik barna.**
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að kennarar taki virkan þátt í leik barna og að börnum líði vel og séu örugg.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að starfsfólk er til staðar og sýni leiknum áhuga og taki þátt þegar tækifæri gefst.
Ábyrgð	Allt starfsfólk deildar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Allt skólaárið
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Umræður á deildarfundum, skráningar og instagram.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að börnin séu örugg í kringum kennara og vilji fá þá með sér í leik.

Bláadeild	**2-3 ára**
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	**Sjálfstæði**
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Efla sjálfstæði barna í daglegum athöfnum

Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Hvetja börnin áfram í að gera sjálf.
Ábyrgð	Allir starfsmenn deildar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Allt skólaárið
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Umræður á deildarfundum og foreldraviðtöl.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að börnin séu sjálfstæðari og þurfi minni aðstoð við daglegar athafnir.

10.9 Innra mat Guladeild 2025-2026

Styrkleikar

Starfið inn á deild seinasta vetur gekk vel, leikur barna var í stóru hlutverki. Við unnum í að hjálpa þeim að koma sér í leik og efla sjálfstæði þeirra.

Þau voru rosalega dugleg í hlutverkaleik og að koma öðrum inn í leikinn með sér, þau voru líka mjög hugmyndarík og áhugasöm um leikinn. Það hjálpaði þeim mikið að hafa til staðar búninga, leikfélaga, starfsfólk og fjölbreytt leikefni. Samskiptin þeirra í leiknum hjálpaði til við málörvun og tjáningu þeirra.

Tækifæri

Þau tækifæri sem við sjáum er að byrja fyrr með öll verkefni, gefa okkur meiri tíma í að undirbúa ferilmöppurnar og hvetja börnin til að halda áfram að vera dugleg að leika þar sem það hjálpar til við að efla sjálfstæði og málþroska þeirra.

Til að hjálpa þeim að bæta málþroska, efla skilning og almennan þroska og tryggja að öll börn fái tíma fyrir sig, þá ætlum við að taka eitt barn í u.þ.b. 10 mínútur á morgnana til að skoða bók eða vinna verkefni sem hentar hverju og einu barni.

10.10 Umbótaáætlun Gulu/deildar 2026-2027

Guladeild	Yngstu börnin 1-2 ára
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	**Málörvun**
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að efla orðaforða, hljóðkerfis- og málvitund barna.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Vinna með málörvun í gegnum leik barna, samveru, söngstund, Lubba, hlutverkaleik, 10 mínútur einn á einn með kennara og með því að lesa bækur.
Ábyrgð	Allir starfsmenn.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Allt skólaárið.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Umræður á deildarfundum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Við ætlum að vera með Lubba í málörvun tvisvar í viku og reyna að ná að vinna með hlutverk barna í leik. Þetta verður skoðað á tveggja mánaða fresti.

Guladeild	Yngstu börnin 1-2 ára
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	**Barnasáttmálinn**
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Auka þekkingu barna á réttindum sínum og gera barnasáttmálann sýnilegri á deildinni.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Nota leikinn til að kynna hvað réttindi eru og hvaða réttindi þau eiga.

Ábyrgð	Deildarstjóri og umsjónarmaður verkefnisins.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Allt skólaárið.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Skráningar og stöðumat.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Reyna að gera öll verkefni sem eru í boði fyrir yngstu börnin úr verkefnahefti UNICEF. Verður skoðað á tveggja mánaða fresti.

Guladeild	**Yngstu börnin 1-2 ára**
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	**Skráningar-ferilmöppur**
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að gera skráningar reglulega og fara yfir þær.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Setja niður hvaða skráningar við viljum hafa í möppunum og leyfa börnunum að taka þátt í þeim.
Ábyrgð	Deildarstjóri, ásamt starfsmönnum, fer yfir verkefni sem eiga fara í möppurnar og starfsmaðurinn sem er með hvert verkefni sér um skráningarnar á því.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Allt skólaárið.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Fara yfir á deildarfundi.

Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Skipta niður verkefnum á milli starfsmanna, skoða möppurnar reglulega.

Guladeild	
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	**Sjálfsefling og tilfinningar barna**
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Sjálfefling barna í daglegu starfi og í samstarfi með foreldrum. Þekkja og vita muninn á grunntilfinningunum svo þau geti sagt frá því hvernig þeim líður.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Hvetja börnin til að gera hluti sjálf (í matsal, fataklefa, útiveru og klósettferðum). Nota tilfinningaspjöld, bækur og lög til þess að kynna tilfinningarnar.
Ábyrgð	Allir starfsmenn.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Allt skólaárið.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Starfsfólk skráir árangur og breytingar yfir veturinn og aðstoðar börnin við að öðlast meira sjálfstæði og tilfinningakunnáttu.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Við ætlum að vera með 10 mínútur með hverju barni sér alla daga til þess að bæta þetta. Þetta verður skoðað á tveggja mánaða fresti.

Guladeild	Yngstu börnin 1-2 ára
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	**Þáttakandi í leik barna**
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að starfsfólk taki virkan þátt í leik barna og styðji hann.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Búa til betri aðstæður fyrir ákveðinn leik og hjálpa þeim að halda áfram í leiknum.
Ábyrgð	Allir starfsmenn á deildinni.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September til maí.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Samræður á deildarfundum og fylgjast með barnahópnum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að starfsfólk sé öruggara í að taka virkan þátt í leik barna og taki sér ólík hlutverk í leik barna. Mælikvarði um árangur er að börnin bjóði starfsfólki með í leikinn, njóti sín og séu örugg í leiknum.

Guladeild	Yngstu börnin 1-2 ára
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	**Deildarfundir og undirbúningur**
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Nota undirbúningstímana, halda reglulega deildarfundi deildarfundi.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Fara eftir vikuskipulaginu og nýta vel tímann.
Ábyrgð	Allir starfsmenn á deildinni.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Allt skólaárið.

Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Samræður á deildarfundum
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Hafa deildarfund tvisvar í mánuði og reyna að taka undirbúnings tíma.

F. h. leikskólans .....Gullborg.....

Rannveig Anna Ólafsdóttir. 0106.2026.

_____

Leikskólastjóri Dagsetning

10.11 Umsögn foreldraráðs

Starfsáætlun 2026 – 2027
Gullborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Birgitta Sigurðardóttir
Þórdís Ólöf Sigurjónsdóttir
Björn Þór Björnsson

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Já hún gerir það

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Starfsáætlunin er vel unnin af hálfu leikskólans. Reykjavíkurborg virðist hins vegar kalla eftir fullmikilli skriffinnsku í þessum starfsáætlunum og væri ráð að endurskoða það svo starfsáætlun þjóni tilgangi sínum í að upplýsa um starfsemi leikskólans.

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Já hún veitir góðar upplýsingar.

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Ég ítreka að ætlist stjórnvöld til að þessi gögn séu lesin þarf að létta á skriffinnskunni.

Fulltrúar í foreldraráði:

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umbótaáætlun fyrir deildir þar sem hver deild/deildir (yngri og eldri saman) gera grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir **1. júní.** Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

Starfsáætlun skal skilað rafrænt á netfangið ; sfs@reykjavik.is

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.


LÁTUM
DRAUMANA
RÆTAST